

Reykjavík 27. maí 2008

MINNISBLAÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/2968
komudagur 27.5.2008

Frá : Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneyti

Til : Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Efni : Ráðstafanir vegna kamfýlóbakter- og salmonellu-sýkinga í hráu kjöti.

Í ýmsum umsögnum vegna máls nr. 524, frumvarps um breytingar á ýmsum lögum vegna enduskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn o.s.frv., sem nú er til meðferðar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, kemur fram að hætta sé á að efni frumvarpsins er varðar innflutning á hráu kjöti stefni lýðheilsu í voða. Í því sambandi eru sérstaklega nefndar sýkingar vegna salmonellu og kamfýlóbakter.

Vegna þessa er rétt að áréttu að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur fullan hug á að verja gott heilbrigðisástand í matvælum og fóðri vegna þessara sjúkdóma. Þetta verður meðal annars gert með útgáfu reglugerða og umsókn um viðbótartryggingar vegna salmonellu-sýkinga í matvælum.

Um kamfýlóbakter

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til í 8. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli, að einungis megi markaðssetja matvæli sem eru örugg. Efnisákvæði 8. gr. a. er samhjóða 1. -5. tölulið 14. gr. reglugerðar EB nr. 178/2002. Í 9. tölulið 14. gr. reglugerðarinnar segir jafnframt:

“9. Ef ekki eru til sérstök Bandalagsákvæði teljast matvælin örugg ef þau eru í samræmi við sérákvæði í landslögum aðildarríkis þar sem matvælin eru á markaði enda hafi þau ákvæði verið samin og þeim beitt með fyrirvara um sáttmálann, einkum 28. og 30. gr.”

Aðgerðir eða úrræði vegna markaðsetningar á kamfýlóbakter sýktum matvælum hafa ekki verið sett í samræmda löggjöf ESB, þannig að á þessu sviði hefur lagasamræming ekki átt sér stað innan ESB. Þannig mun ráðuneytið í samræmi við 9. tölulið reglugerðar EB nr. 178/2002 fyrirbyggja markaðasetningu á kampýlópbakter smituðum afurðum, enda teljist þau ekki örugg samkvæmt íslenskum lögum og núverandi heilbrigðisástandi. Það er forsenda fyrir beitingu ofangreindra ákvæða að fyrir liggja haldgóðar upplýsingar um heilbrigðisástand afurða vegna kampýlóbakter-sýkinga þannig að hægt sé að sýna fram á gott heilbrigðisástand vegna þessa sjúkdóms hérlandis og flutningur kampýlóbakter smitaðra afurða frá EES eða þriðju ríkjum valdi sjúkdómahættu fyrir menn og dýr sem ekki er til staðar í dag.

Þetta þýðir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun meðal annars framfylgja núverandi reglugerð nr. 688/2002, um markaðsetningu kamfýlósmitaðra alifugla bæði fyrir innlenda framleiðslu, flutning slíkra afurða frá EES- löndum og innflutning frá þriðju löndum. Reglugerðina þarf þó að aðlaga þannig að hún nái með skýrum hætti til flutnings afurða frá EES- svæðinu til landsins og innflutnings frá ríkjum utan EES- svæðisins. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir :

“Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru ferskar til sölu skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst hitaþolnir campylobactersýklar. Ef hitaþolnir campylobactersýklar greinast á eldistímanum þá skulu sláturafurðir viðkomandi eldishóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift. Óheimilt er að dreifa sláturafurðum alifugla sem vitað er að eru mengaðir af hitaþolnum campylobactersýklum nema frystum eða hitameðhöndluðum. Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað strangara eftirlit en hér segir fyrir um, til að hindra eins og kostur er að campylobactermengaðar sláturafurðir fari ferskar á markað.

Í 9. tölulið 14. gr. reglugerðar nr. 178/2002 er vísað til 28. og 30. gr. Rómarsamningsins. Efnisákvæði 11. gr. EES-samningsins er samsvarandi við 30. gr. Rómarsamningsins en í 11. gr. segir:

11. gr. Sbr. 30. gr. Rs.

Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

Í 13. gr. EES –samningsins segir hins vegar :

13. gr. Sbr. 36. gr. Rs.

Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Samkvæmt 13. gr. EES- samningsins má leggja á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd þrátt fyrir að magntakmarkanir eða samsvarandi ráðstafanir á innflutning séu almennt bannaðar samkvæmt 11. gr. EES-samningsins. 9. tölulið 14. gr. reglugerðar nr. 178/2002 verður þannig að skýra í samræmi við bæði þessi efnisákvæði.

Við beitingu 13. gr. EES samningsins verður að gæta ýmissa sjónarmiða. Þannig ber að huga að ”meðalhófsreglunni”. Í henni felst að aðgerð verður að vera nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og að ekki skuli farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til með hliðsjón af þeim markmiðum. Almennt innflutningsbann alifuglakjöts á grundvelli 13. gr. myndi þannig ekki standast samkvæmt þessari meðalhófsreglunni heldur yrði að fara vægar í sakirnar.

Jafnframt kemur ”varúðarreglan” sbr. 18. gr. frumvarpsins til skoðunar í þessu sambandi. Varúðarreglan ætti að öðru jöfnu að gera beitingu 13. gr. EES- samningsins

auðveldari, þar sem ekki þarf að sanna tilvist þeirrar áhættu sem um ræðir. Þó verður að hafa í huga að efnisákvæði 18. gr. frumvarpsins fjalla um ráðstafanir til bráðbirgða.

Samantekt

Samkvæmt framansögðu mun ráðuneytið í samræmi við 9. tölulið 14. gr. reglugerðar nr. 178/2002 sbr. 13. gr. EES – samningsins setja reglugerðir til að verja gott heilbrigðisástand í matvælum og fóðri vegna salmonellu og kamfýlóbakter sýkinga.

Aðgerðir ráðuneytisins vegna sjúkdómavarna vegna kampýlóbakter sýkinga munu ná til matvæla. Með sama hætti mun ráðuneytið bregðast við smithættu vegna salmonellu í fóðri en íslensk yfirvöld munu hins vegar sækja um sérstakar viðbótartryggingar vegna samonellusmits í matvælum.

F.h.r

Baldur P Erlingsson